

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, sem vatn fá úr vatnsveitu bæjarins.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 2.5% af fasteignamati húsa.

3. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskattur.

4. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar, svo og aðrir sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

5. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er árleiga fyrir hvern mæli kr. 350.00.

7. gr.

Vatnsveitan ákveður verð, skilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

8. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.

9. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert, og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á, með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs. Vatn til skipa skal greiða við afhendingu. Vatnsskattur greiðist í skrifstofu bæjargjaldkera.

10. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sammings- og aðfararveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

11. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum, getur bæjarráð ákveðið, fyrir eitt ár í senn, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, að hækka gjaldskrána um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Ísafjarðar nr. 74 30. júní 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Haligrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 6.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur	kr. 1.50 á m ² á mánuði
Fyrir ganga, geymslur o. þ. h.	— 0.62 - m ² - —

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.80 hverja kwst., og auk þess fastagjald kr. 11.00 á mán. fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og hverjar 5 m² hálfu herbergi. Einnig má selja til vinnuljósa og bygg- inga í smíðum samkvæmt taxta þessum.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 490.00 fyrir kw. í málraun véla.